VETTVANGUR

Alexander Stefánsson alþm.:

Nauðsyn áætlunar um íbúðaþörf næstu 10 ár

Þegar nýju húsnæðislögin frá 1986 voru til meðferðar á Alþingi hóf Alþýðuflokkurinn undir forystu núverandi félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur hatramman áróður gegn frumvarpinu, ekki síst samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um nýja húsnæðislöggjöf. – Forystumenn vinnumarkaðarins voru kallaðir „þrýstihópar og aðilar útí bæ". Allt tínt til til að gera nýja húsnæðiskerfið tortryggilegt. Það átti að vera einskis virði.

Þáverandi félagsmálaráðherra var ófrægður í ræðum og riti, borinn sökum um ósannindi og svik – Alþýðublaðið og Helgarpóstur undir forystu krata látinn birta ómerkilegan persónulegan áróður dag eftir dag til að ófrægja ráðherra.

Þessi ósvífni áróður náði tilgangi sínum að því leyti til, að eftirspurn eftir lánum var langt umfram áætlun og eðlilega þróun mála.

Kerfisbreyting í húsnæðismálum 1986 nálgaðist það takmark að gera fólki kleift að eignast eigið húsnæði með hagstæðum lánum, með allt að 70% lánshlutfalli til 40 ára. Fyrrverandi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar náði þar með því takmarki að lán til húsbygginga nálgaðist allt að 80% af byggingakostnaði á kjörtímabilinu. Fyrrverandi ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins og þeir sem sömdu frumvarpið að lögunum reiknuðu með að þetta nýja kerfi sem tók gildi 1. september 1986 yrði að fá þriggja til fimm ára reynslutíma til að sanna gildi sitt, þess vegna væri ekki skynsamlegt að gera á því viðamiklar breytingar fyrr en sú reynsla væri fengin.

Hins vegar yrði að hraða endurskoðun á félagslega kerfinu, með það í huga að auka þar valkosti, efla verkamannabústaðakerfið og auka byggingu leiguíbúða, ekki síst sveitarfélaga og samtaka aldraðra, öryrkja, námsmanna o.fl.

En í heildarsamkomulaginu 1986 var þetta eitt af aðalatriðunum. – Þessi endurskoðun var hafin.

Ný ríkisstjórn kom til valda í júlí á sl. ári. Í starfssamningi hennar er kafli um húsnæðismál sem vinna á eftir á kjörtímabilinu. Fyrsta atriðið er að fjárhagsgrundvöllur húsnæðislánakerfisins verði treystur, uppbygging og fjármögnun félagslega íbúðakerfisins verði endurskoðuð. Sett verði sérstakt lagaákvæði um kaupleiguíbúðir og fjármögnun þeirra.

Markmiðið verði óbreytt frá fyrri lögum að húsnæðislánakerfið fullnægi eðlilegri lánaþörf og að greiðslubyrði fjölskyldna vegna húsnæðisöflunar verði ekki óeðlilega mikill hluti ráðstöfunartekna.

Allt er þetta gott og blessað, en framkvæmdin er vandmeðfarin. Ef jákvæður árangur á að nást er að mínu mati ljóst að traust og gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins og þar með lífeyrissjóði landsmanna er meginmál, **án þess gengur dæmið ekki upp.**

Það voru því fyrstu stórmistök núverandi félagsmálaráðherra á fyrstu vikum starfstíma ríkisstjórnarinnar, að undirbúa og kynna bráðabirgðalög, sem áttu að rjúfa að verulegu leyti það samkomulag, þann grundvöll gildandi laga um fjármagn lífeyrissjóða og rétt lífeyrisþega að húsnæðiskerfinu.

Þessi mistök ráðherra urðu til þess að forystumenn lífeyrissjóða vildu ekki ganga til samninga sl. haust um fjármagn til byggingasjóðanna fyrir árin 1989-1990 sem komu beinlínis í veg fyrir að hægt yrði að halda áfram að afgreiða lánsumsóknir, sem hlóðust upp hjá Húsnæðisstofnun, m.a. fyrir neikvæðan áróður undir forystu núverandi félagsmálaráðherra og Alþýðuflokksins.

Ef þetta hefði ekki skeð er ég sannfærður um að ástandið í dag væri allt annað í þessum málum.

Félagsmálaráðherra náði ekki fram vilja sínum um bráðabirgðalög sl. sumar, sem betur fór, en umræðan fór í gang og lífeyrissjóðir fóru í biðstöðu.

Stjórnarfrumvarp var síðan lagt fram í þingbyrjun sl. haust um sama efni.

Við sem eigum sæti í félagsmálanefndum þingsins fengum það hlutverk að lagfæra frumvarpið til að forða slysum, lögðum við áherslu á að sætta sjónarmið aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða, sem vildu ekki þessar breytingar.

Við breyttum frumvarpinu grein fyrir grein, þannig var það samþykkt á Alþingi rétt fyrir jól. Þessi lagabreytring hafði ekki afgerandi áhrif á stöðu húsnæðismála, og breytti ekki afstöðu lífeyrissjóða því miður nema takmarkað, sem lýsir sér í því, að lífeyrissjóðir í heild hafa ekki enn gengið frá samningum um skuldabréfakaup fyrir árin 1989 og 1990, sem hefur skaðað núgildandi húsnæðiskerfi og skapað áframhaldandi óróa og óvissu, sem hleður upp umsóknum um lán.

Starfsemi Húsnæðisstofnunar heldur að sjálfsögðu áfram af fullum krafti. Á þessu ári fer gegnum kerfið lánsfé að fjárhæð um 8.3 milljarðar, sem gerir 35 millj. útstreymi lána hvern virkan dag ársins að sögn framkvæmdastjóra, Sigurðar E. Guðmundssonar. **Hins vegar er löngu tímabært, að gera alvöruáætlun og úttekt á íbúðaþörf hér á landi t.d. næstu 5-10 ár. – Það getur varla verið þjóðhagslega skynsamlegt fyrir fámenna þjóð að auka sífellt íbúðabyggingar án slíkrar áætlunar, sem styðst við staðreyndir.**

Kaupleigufrumvarpið

Félagsmálaráðherra lagði fyrir þingflokka stjórnarflokkanna drög að frumvarpi til laga um kaupleiguíbúðir í byrjun desember.

Við fyrstu sýn var ljóst að hér var um að ræða frumvarp, sem ekki væri eðlilegt að afgreiða án þess að setja það í samhengi við endurskoðun á félagslega kerfinu, sem allir eru sammála um að þörf sé á í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

En það sem kom mest á óvart er, að gert er ráð fyrir að kaupleigukerfi fari einnig inní almannakerfi byggingasjóðs ríkisins **með ákveðnum forréttindum, án þess að það eigi að vera sérstaklega fyrir þá efnaminni í þjóðfélaginu og inní lánakerfi með** forgang til lána þar sem þúsundir bíða eftir lánsloforðum. Ég átti von á því að fulltrúar Alþýðuflokksins í ríkisstjórn legðu **aðaláherslu** á lausnir fyrir þá tekjuminni í landinu.

Þessi ákvörðun gengur þvert á allt tal þeirra á opinberum vettvangi. Með þessari hugmynd óbreyttri, hygla þeir verktökum og vel stæðu tekjuháu fólki og rýra um leið getu byggingasjóðs ríkisins til almennra lánveitinga.

Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks voru sammála um

Alexander Steánsson.

að eðlilegast væri að tengja hugmyndina um kaupleiguíbúðarfrumvarpið endurskoðun félagslega kerfisins, þannig að það nýttist í fyrstu þeim efnaminni í þjóðfélaginu um leið og sveitarfélögum og félagasamtökum yrði auðveldað að auka kaup og byggingu leiguíbúða.

Þessu hafnaði fulltrúi Alþýðuflokksins og félagsmálaráðherra.

Mál þetta er til meðferðar á Alþingi. Leitað var umsagnar aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða, sveitarfélaga, ýmissa félagasamtaka.

Svör bárust frá aðeins 14 aðilum. Vakti sérstaka athygli að Húsnæðisstjórn kom sér ekki saman um umsögn, mjög fá sveitarfélög og heldur ekki nema fáir í samtökum vinnumarkaðarins. Virðist því takmarkaður áhugi á frumvarpinu. Flestir töldu að eðlilegra hefði verið að tengja þessar hugmyndir um kaupleiguíbúðir endurskoðun húsnæðiskerfisins, ekki síst félagslega þætti laga.

Ljóst er að sveitarfélög, sem ekki hafa rúman fjárhag, munu hika við að byggja eftir þessu kerfi, vegna framlaga og ábyrgðar sem þessu fylgir. Minni kostnaður er að byggja verkamannabústaði eða leiguíbúðir, sbr. B-lið 33. gr. laga.

Sótt er með ofurkappi að ná þessu frumvarpi gegnum þingið fyrir þinglok og vitnað í sérstakt samkomulag formanna stjórnarflokkanna frá 2. júlí 1987, þar sem gert er ráð fyrir að gerð verði tilraun með þetta lánaform í ca. þrjú ár samhliða almenna og félagslega kerfinu. **Hins vegar er ljóst að fjárhagshlið þessa lánaforms er í lausu lofti og fellur alls ekki inn í þann ramma sem húsnæðiskerfið er í dag.**

Þess vegna átti að fresta afgreiðslu þess og fella þennan valkost inn í endurskoðun húsnæðiskerfisins í heild. Reynslan mun sýna að þetta er rétt mat.

Við framsóknarmenn höfum lagt fram breytingu á 33. grein laga um byggingasjóð verkamanna, sem lengir lánstíma til bygginga leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, samtaka aldraðra, öryrkja, námsmanna úr 31 ári í 43 ár, lánin eru 85% með 1% vöxtum. Þessi breyting auðveldar þessum aðilum að hefja stórátak í byggingu leiguíbúða með viðráðanlegum kjörum, sem m.a. lækkar greiðslubyrði lána um 48 þúsund pr. ár, miðað við 4 milljóna kr. íbúð.

Þar sem ekki þarf að bíða afgreiðslu eftir slíkum aðgerðum eins og í almannakerfinu er hér um hagstæðustu aðgerð að ræða, ekki síst í sveitarfélögum þar sem húsnæðisskortur er stórt vandamál, og bygging hagkvæmra leiguíbúða því góð lausn.

Hér er hægt að færa til fjármagn ef vilji er fyrir hendi.

Jafnhliða þessari breytingu þarf að leggja ríka áherslu á endurskoðun félagslega kerfisins, þar sem treysta þarf að efla lánakerfi byggingasjóðs verkamanna.

Bygging verkamannabústaða er það hagstæðasta kerfi, sem við Íslendingar höfum eignast og hefur lyft grettistökum í íbúðabyggingum á hagkvæman hátt fyrir launastéttir í landinu.

Endurskoðun og endurnýjun þessa kerfis með möguleikum á fleiri valkostum m.a. í byggingu leiguíbúða er viðráðanlegur kostur í dag, en verður að gerast í fullu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og launþegahreyfinguna í heild.

Félagsmálaráðherra á hverjum tíma verður að átta sig á því að hann getur ekki leikið einleik í þessum mikilvæga málaflokki. **Hann verður að þola eðlilega gagnrýni og skilja nauðsyn á samstarfi við almannasamtök í landinu.** Klögumál og hótanir og persónulegar ávítur á einstaka þingmenn skila engum árangri nema síður sé, en skilja eftir efasemdir um hæfni viðkomandi í starfi.

BÓKMENNTIR

Besti vinur ljóðsins

Ekki veit ég nákvæmlega hvað felst á bak við nafnið Besti vinur ljóðsins. Einhvers konar samtök munu það þó vera, og ungur en samt vel kunnur maður úr íslenska ljóðaheiminum, Hrafn Jökulsson, gengur þar í fararbroddi af dugnaði og eljusemi.

En hvað sem því líður er full ástæða til að þakka ánægjulegt ljóðakvöld sem þessi samtök stóðu fyrir að Hótel Borg að kvöldi miðvikudags. Þarna var raunar verið að minnast nokkurra afmæla. Besti vinur ljóðsins er tveggja ára um þessar mundir, í ár er aldarafmæli Guðmundar Kambans og áttatíu ára afmæli Steins Steinars. Tvö ljóðskáld, þeir Sigurður A. Magnússon og Sigfús Daðason, áttu sextugsafmæli á dögunum, og skammt er síðan Þorsteinn frá Hamri varð fimmtugur.

Þarna var lesið úr ljóðum þeirra Kambans og Steins, og afmælisbörnin þeir Sigurður, Sigfús og Þorsteinn mættu allir og lásu verk eftir sig. Þarna kom líka Jón úr Vör og las eftir sig tvö gömul en sígild ljóð. Var allt þetta hið ánægjulegasta á að hlýða.

Og ekki vantaði þarna heldur ungu skáldin. Þarna lásu tveir úr þeirra hópi sem báðir hafa vakið athygli með forvitnilegum bókum, þeir Geirlaugur Magnússon og Steffán Snævarr. Einnig las þarna Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir, sem vakti athygli með vel gerðri ljóðabók í vetur leið. Af þeim yngri og óráðnari komu þarna fram þrjú skáld, Hrafn Jökulsson, Steinunn Ásmundsdóttir og Kristján Þórður Hrafnsson.

Í skemmstu máli sagt var þessi kvöldstund einkar vel heppnuð og ánægjuleg. Salurinn á Hótel Borg var nokkurn veginn þéttsetinn og ungt fólk var áberandi. Mun þetta þó vera ívið minni aðsókn en verið hefur á fyrri ljóðakvöldum Besta vinar ljóðsins. En aðsókn og viðtökur þarna benda þó óneitanlega til þess að ljóðið eigi sér enn hljómgrunn hjá töluverðum hópi fólks. Fyrir þá sem hafa haft áhyggjur af minnkandi gengi ljóðagerðar hér á landi er kvöld sem þetta því uppörvandi.

Skiljanlegt er að aðstandendur slíkar samkomu eigi ekki létt með um að segja skáldum fyrir verkum um hvað þau skuli lesa. En þó má vera að hógværar ábendingar um að velja heldur ný og óbirt ljóð til lestrar en gömul og löngu prentuð ættu hér rétt á sér. Að öðru jöfnu mætti ætla að það nýja þyki hér sem endranær forvitnilegast, og að skáldin geti þá líkt og prófað hljómgrunn ljóða sinna með því að lesa þau upp á samkomum sem þessum. Þó er þetta ekki einhlítt, því að til dæmis hefði mátt heyra saumnál detta í salnum meðan Þorsteinn frá Hamri las nokkur ljóð úr einni af bókum sínum. Er Þorsteinn enda ágætur upplesari og flytur eigin ljóð þannig að ánægja er á að hlýða.

Af nýju efni, sem þarna var frumflutt, er kannski helst að nefna ljóð Steinunnar Ásmundsdóttur. Hún hefur ekki gefið út bók og var nefnd þarna í gamni skáld götunnar. Það var viss ferskleiki í ljóðunum sem hún las sem virðast lofa góðu.

Í heild var þetta því ánægjuleg samkoma, og það sem hæst ris að henni lokinni er sá ljóðaáhugi sem aðsóknin að henni ber vott um. Það er býsna lífseig þjóðtrú hér að útgáfa ljóðabóka sé fyrirfram vonlaust fjárhagsdæmi. Það skyldi þó ekki vera að þeirri trú mætti hnekkja með dálitlu af skipulagðri markaðssetningu og auglýsingaáróðri líkt og notað er við sölu á öðrum „vöruteg-undum".

–esig